

SUNNUÁS – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Hildur Björk Svavarsdóttir

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Inngangur.....	4
Greining	5
Stjórnun	6
Uppeldis- og menntastarf	7
Mannauður	7
Leikskólabragur	8
Innra mat	9

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Sunnuási sem fram fór í janúar og febrúar 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í janúar og febrúar 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 21.-29. janúar. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN SUNNUÁS

Leikskólinn Sunnuás tók til starfa 1. júlí 2011 og er staðsettur við Dyngjuveg 18, í Reykjavík.

Leikskólastjóri er Ólöf Helga Pálmadóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Inga Jóna Hilmisdóttir.

Í leikskólanum er sjö deildir og voru 143 börn þar í vistun í janúar 2015. Yngstu börnin fædd 2012 og 2013 eru á Barnhól, Álfabrekku og Dyngju. Börn fædd 2011 eru á Langholti. Börn fædd 2009 og 2010 eru á Langasandi, Ási og Hlíðarenda.

Styrkleikar:

Í Sunnuási líður börnunum vel og þau eru glöð og áhugasöm í leikskólanum. Foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í leikskólanum og í mörgum mikilvægum þáttum er jákvætt viðhorf foreldra til leikskólans. Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu og gildi leikskólans. Starfsmenn telja að ákvarðanir stjórnenda um leikskólastarfið byggi á faglegum forsendum. Starfsmenn telja stjórnendur sýnilega í starfi og að þeir taki vel á málum sem upp koma í leikskólanum. Stjórnendur leggja mikla áherslu á að efla uppeldis- og menntastarf leikskólans og hafa ýmsar nýjungar í starfinu tekist vel. Þátttaka foreldra í viðburðum á vegum leikskólans hefur aukist mikið. Verkefni sem tengjast útikennslu og sköpun setja sinn svip á starfið og er ánægja með þessar áherslur meðal starfsfólks og foreldra. Vel er staðið að stuðningi við börn í leikskólanum og gott rými er til að veita slíkan stuðning. Verkferlar vegna sérfræðipjónustu eru skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum. Börnin eru ánægð með leikskólann í heild sinni og í rýnihópnum töldu þau upp marga mikilvæga þætti leikskólastarfsins sem þeim finnast skemmtilegir.

Tækifæri:

Leiðarljós og stefna leikskólans þurfa að vera samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra og þau séu sýnileg í daglegu starfi. Stjórnendur og starfsfólk þurfa að finna leiðir til þess að auka lýðræðisleg vinnubrögð þannig að samstarf verði uppbyggilegt og gagnkvæmt traust ríki. Efla má þátttöku og samskipti starfsfólks við börn í leik og skoða hvernig hvatning og leiðbeining til barnanna er sett fram. Börnin þurfa að fá aukin tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Starfsfólk tileinki sér skráningar í daglegu starfi og börn séu einnig þátttakendur í mati á námi sínu. Mikilvægt er að efla upplýsingaflæði í leikskólanum og auka endurgjöf og leiðsögn til starfsmanna. Leikskólinn leitist eftir hugmyndum og tillögum foreldra. Samkvæmt rýnihópum barna mætti skoða skipulag í kring um salerni, fataklefa og skipulagðan þátt í starfinu sem kallast veðurfræðingurinn. Einnig koma fram að það vantar leir á leikskólann.

Það sem vel er gert:

Stjórnendur leggja áherslu á að efla uppeldis- og menntastarf leikskólans og nýbreytni í leikskólastarfinu hefur aukist. Svigrúm fyrir þróunarstarf er veitt í leikskólanum og leitað er leiða til að efla faglegt starf. Skipulagning á stuðningi og sérfræðipjónustu við börn sem þurfa sérstakan stuðning er til fyrirmyndar. Virkt samstarf er við grunnskólann í hverfinu. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni. Foreldrar og starfsmenn þekkja gildi og stefnu leikskólans og stjórnendur eru sýnilegir í starfi að mati starfsfólks.

Tækifæri til umbóta:

Leiðarljós og stefna leikskólans þurfa að vera samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra og þau séu sýnileg í daglegu starfi. Starfsfólk, börn og foreldrar eiga að vera þátttakendur í vinnu við skólanámskrá. Mikilvægt er að stjórnendateymi fylgist með hvernig gengur að vinna að stefnunni og faglega starfinu svo sem með reglulegri endurgjöf á dagleg störf.

Upplýsingaflæði þarf að bæta þannig að starfsfólk hafi nauðsynlegar upplýsingar um starfið. Starfsmannahandbók þarf að vera uppfærð og aðgengileg á öllum deildum.

Deildarstjórafundir og deildarfundir þurfa að vera reglulega til að tækifæri gefist til lýðræðislegs samstarfs og samvinnu. Allt starfsfólk þarf að fá tækifæri til að taka þátt í faglegri umræðu um starfið og stefnumótun leikskólans. Starfsþróunarsamtöl þurfa að vera árlega, niðurstöður skráðar og þeim fylgt eftir, t.d. með símenntunaráætlunum.

Deildarstjórar gæti þess að samningsbundinn undirbúningstími falli ekki ítrekað niður og sé nýttur í þágu faglegs starfs. Deildarstjórar kynni sér verklagsreglur um móttöku nýrra starfsmanna og fylgi þeim með upplýsingagjöf og formlegum viðtölum við nýtt starfsfólk.

Það sem vel er gert:

Börnunum líður vel í leikskólanum, þau eru glöð og áhugasöm í daglegu starfi. Á milli barnanna ríkir virðing og samkennd. Reglur eru skýrar og börnin þekkja þær. Börnin eru ánægð með leikskólann í heild sinni og í rýnihópnum töldu þau upp marga mikilvæga þætti leikskólastarfsins sem þeim finnast skemmtilegir. Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar og verkefnastjóri í útikennslu og listsköpun hefur skilað miklu inn í faglegt starf í leikskólanum. Húsnæði leikskólans og aðbúnaður gefur mikla möguleika. Vel er staðið að stuðningi við börn sem þurfa sérstakan stuðning og gott rými er til að veita hann. Einstaklingsnámskrár eru gerðar og endurskoðaðar reglulega.

Tækifæri til umbóta:

Efla má þátttöku og samskipti starfsfólks við börn í leik og skoða hvernig hvatning og leiðbeining til barnanna er sett fram. Börnin þurfa að fá aukin tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Leikskólinn stuðli að jafnrétti og virkri þátttöku allra barna í þeirra eigin námi þannig að þau fái krefjandi verkefni við hæfi hvers og eins. Halda þarf áfram að samræma faglegt starf milli deilda. Nám barna verið gert sýnilegt með skipulögðum skráningum. Markmiðið er að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim. Starfsfólk fái leiðbeiningar við gagnasöfnun og skráningu og skráningarnar verði varðveittar með skipulögðum hætti. Samvinna starfsfólks þarf að fá tíma í skipulagi leikskólans til þess að samstaða náist um markmið í starfinu og leiðir að þeim. Samkvæmt rýnihópum barna mætti skoða skipulag í kring um salerni og fataklefa. Börnin ræddu óánægju sína með skipulagðan þátt í dagskipulaginu sem kallast veðurfræðingurinn einnig koma fram að það vantar leir á leikskólann.

MANNAUÐUR

Það sem vel er gert:

Stjórnendur hafa mikinn metnað um faglegt starf í leikskólanum. Starfsmenn þekkja stefnu og gildi leikskólans. Í starfsmannahópnum er til staðar þekking og reynsla af faglegu leikskólastarfi. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk upplifir stuðning frá stjórnendum málum sem að upp koma. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna og meirihluti þeirra segir leikskólann taka ábendingar þeirra til greina.

Tækifæri til umbóta:

Stjórnendur ásamt starfsfólki þurfa að finna leiðir til að auka lýðræðisleg vinnubrögð í daglegu starfi þannig að samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Skoða þarf hvernig þekking og reynsla starfsfólks nýtist best í leikskólanum. Í stórum leikskóla er nauðsynlegt að skoða reglulega vinnubrögð og viðbrögð þannig að samræmi sé til staðar og leikskólinn starfi sem ein heild. Leggja þarf áherslu á að efla faglegan metnað allra starfsmanna og þeir séu virkir í starfi sínu með börnunum.

LEIKSKÓLABRAGUR

Það sem vel er gert:

Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og finnst komið til móts við þarfir og réttindi barnsins. Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans og starfsfólk er ánægt með aðkomu þeirra að starfinu. Foreldraráð leikskólans er virkt og er lýðræðislega valið af sínum hópi. Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar á nokkrum tungumálum. Fréttir á heimasíðu eru skrifaðar bæði á íslensku og ensku.

Tækifæri til umbóta:

Starfsfólk móti í sameiningu starfsmannastefnu þannig að samræmi sé milli allra deilda og starfsfólk vinni sem ein heild. Halda áfram að styrkja samvinnu leikskóla og foreldra og móta stefnu um samstarf. Miðla þarf reglulega upplýsingum til foreldra um það sem vel gengur. Mikilvægt er að samræmi sé milli deilda um upplýsingamiðlun og almenn foreldrasamskipti.

Það sem vel er gert:

Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat og áætlanir eru bornar undir foreldraráð.

Tækifæri til umbóta:

Koma þarf á virku innra mati sem unnið er með þátttöku allra aðila leikskólasamfélagsins, þar sem markmið leikskólans eru metin markvisst og umbætur byggðar á niðurstöðum þess. Stjórnendur þurfa að eiga samtali við leikskólasamfélagið um leiðir í innra mati.

YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

Heimasíða leikskólans Sunnuás: www.sunnuas.is

Skólanámskrá Sunnuás (drög). Reykjavík: Leikskólinn Sunnuás

Starfsáætlun Sunnuás (2014-2015). Reykjavík: Leikskólinn Sunnuás

Viðhorf foreldra Sunnuás. (febrúar, 2014). Reykjavík: Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar, tölfræði og rannsóknarþjónusta.

Viðhorf starfsfólks Sunnuás. (2014, febrúar). Reykjavík: Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar, tölfræði og rannsóknarþjónusta.

Þátttökuaðlögun í Sunnuási: Reykjavík: Leikskólinn Sunnuás

Öryggi og slysavarnir í leikskólanum Sunnuási: Reykjavík: Leikskólinn Sunnuás